



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 23. desember 2016

### **Niðurstaða athugunar á mati á hæfi og tilhlýðileika fjármálaþjónustu Kviku banka hf.**

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á mati Kviku banka á hæfi viðskiptavina sinna vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar og tilhlýðileika fjármálaþjónustunnar þann 6. maí 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag og eftirlit bankans í tengslum við öflun upplýsinga og ráðlegginga vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar væri í samræmi við 15. og 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. 35. og 36. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskipti fjármálafyrirtækja.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í nóvember 2016 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin hófst.

Tekið var úrtak 18 aðila; sex lögaðila og tólf einstaklinga. Fjármálaeftirlitið gerði tvær athugasemdir í tilvikum einstaklinga. Annars vegar hafði bankinn ekki aflað upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar líkt og skylt er samkvæmt 15. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og hins vegar hafði viðskiptavinur, sem fjárfesti í flóknum fjármálagerningum, ekki ritað undir yfirlýsingu um að bankinn hafi gert honum grein fyrir eðli og áhættu slíkra gerninga líkt og reglur bankans kveða á um. Kvika banki hf. hefur brugðist með viðeigandi hætti við þeim athugasemdum sem gerðar voru.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að verklag og eftirlit bankans í tengslum við öflun upplýsinga og ráðlegginga vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar samræmdu að öðru leyti ákvæðum viðeigandi laga og reglugerðar.